

JÚNÍ 2009

**FJÁRMÁLASTJÓRN RÁÐUNEYTA
OG SKIL REKSTRARÁÆTLANA**

SKÝRSLA TIL ALÞINGIS

EFNISYFIRLIT

NÍÐURSTÖÐUR.....	5
1 INNGANGUR	7
2 ÁÆTLANAGERÐ, EFTIRLIT O.FL.....	9
3 YFIRFERÐ UM RÁÐUNEYTIM	15
VIÐAUKI.....	23

NIÐURSTÖÐUR

Í ársbyrjun 2009 ákvað Ríkisendurskoðun að gera átak í eftirliti með fjármálastjórn ráðuneyta og stofnana. Sjónum var einkum beint að skilum stofnana á rekstraráætlunum til ráðuneyta, skráningu þeirra í bókhalds- og fjárhagskerfi ríkisins (Orra) og eftirliti með framkvæmd þeirra. Einnig voru kannaðir vissir þættir innra eftirlits, og hvort ráðuneytin hefðu reynt að meta áhrif samdráttar fjárveitinga á magn og gæði þjónustu.

Athugun Ríkisendurskoðunar leiddi í ljós að einungis 10 af 233 áætlunum hafði verið skilað innan þeirra tímamarka sem reglugerð kveður á um, þ.e. fyrir árslok 2008. Nokkrar áætlanir bættust við á fyrstu vikum ársins 2009 og höfðu 14 áætlanir verið samþykktar innan tímamarka, þ.e. fyrir miðjan janúar. Þessi seina afgreiðsla skýrist að mestu leyti af því hversu seint fjárlög voru samþykkt.

Allar áætlanir höfðu borist í byrjun maí nema frá embætti sérstaks saksóknara sem hefur ekki sætt miklum þrýstingi um að skila áætlun vegna sérstöðu verkefna sinna.

Í byrjun maí voru 10 áætlanir enn ósamþykktar í ráðuneytunum: fjórar hjá menntamálaráðuneytinu, tvær hjá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, ein hjá félags- og tryggingamálaráðuneytinu, tvær hjá heilbrigðisráðuneytinu og ein hjá umhverfisráðuneytinu. Ríkisendurskoðun gagnrýnir þennan seinagang.

Af 222 samþykktum rekstraráætlunum höfðu 179 verið skráðar í Orra í byrjun maí eða um 81%. Eftirlitsaðilar um framkvæmd fjárlaga – fjárlaganefnd, fjármálaráðuneytið, Fjársýsla ríkisins (FJS) og Ríkisendurskoðun – hafa þar með ekki aðgang að áætlunum 39 stofnana og geta ekki fylgst með því að þær starfi í samræmi við samþykktar áætlanir. Hlutfallslega höfðu tvö ráðuneyti skráð mun færri áætlanir í kerfið en önnur: samgönguráðuneytið (13%) og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið (21%). Á hinn bóginn höfðu allar áætlanir utanríkis-, dóms- og kirkjumála- og fjármálaráðuneytisins verið skráðar.

Nokkur ráðuneyti hafa ákveðið að auka eftirlit með framkvæmd fjárlaga með því að bera oftast saman rekstur og áætlanir en áður. Ríkisendurskoðun hefur á undanförunum árum hvatt til þess að slíkur samanburður fari fram mánaðarlega í stað ársfjórðungslega eins og hefur almennt tíðkast.

Rekstrarstjórar ráðuneytanna hafa sameinast um að þrýsta á stjórnvöld að flýta ákvörðun um útgjaldaramma ráðuneyta á árinu 2010. Að mati Ríkisendurskoðunar er ljóst að undirbúningur sparnaðaraðgerða getur ekki hafist fyrir alvöru fyrr en útgjaldaraminn liggur fyrir.

ÁBENDINGAR TIL RÁÐUNEYTANNA

1. Ráðuneyti geri áætlun ef stofnun skilar ekki

Ríkisendurskoðun telur að sú regla eigi að gilda að hafi stofnun ekki skilað rekstraráætlun innan tímamarka skuli ráðuneyti gera slíka áætlun og leggja fyrir forstöðumann að fylgja henni eftir. Taka ætti umrædda reglu upp í reglugerð um framkvæmd fjárlaga.

2. Skylt verði að gera áætlanir fyrir nær alla fjárlagaliði

Ríkisendurskoðun telur að breyta eigi reglugerð um framkvæmd fjárlaga á þann veg að skylt verði að gera rekstraráætlanir fyrir alla fjárlagaliði aðra en tilfærslur og greiðslur til aðila utan ríkisins. Þar verði áætlanir um greiðsludreifingu látnar duga.

3. Allar samþykktar rekstraráætlanir verði skráðar í Orra

Samþykktar rekstraráætlanir eiga undantekningarlaust að vera skráðar í Orra. Eðlilegast er að ráðuneyti sendi áætlanir til innskráningar þegar þær hafa verið samþykktar. Brýnt er að sama áætlun sé skráð í Orra og stofnun og ráðuneyti vinna eftir. Samþykki ráðuneyti breytingu á áætlun innan ársins er nauðsynlegt að hún sé tafarlaust uppfærð í Orra. Án þessa verður eftirlit með framkvæmd fjárlaga marklaust.

4. Ráðuneytin samræmi eftirlit

Ástæða er til að ráðuneyti samræmi verklag sitt við eftirlit með framkvæmd fjárlaga. Bera ætti rekstur við áætlun mánaðarlega.

5. Ákvörðunum um útgjaldaramma 2010 verði flýtt

Afar brýnt er að hið fyrsta verði teknar ákvarðanir um útgjaldaramma ráðuneyta á árinu 2010.

6. Væntanleg áhrif niðurskurðar á þjónustu verði metin

Ríkisendurskoðun telur í ljósi atvika að ráðuneyti og stofnanir eigi nú að sameinast um að meta væntanleg áhrif annars vegar 5% og hins vegar 10% nafnverðslækkunar fjárveitinga milli árána 2009 og 2010 á þjónustu stofnana. Þá ættu stofnanir að gera grein fyrir hvernig slíkri lækkun yrði mætt.

7. Settar verði reglur um meðferð uppsafnaðs halla og ónýtttra heimilda

Brýnt er að ráðuneytin móti samræmdar reglur um meðferð uppsafnaðs halla og ónýtttra fjárheimilda stofnana. Sett verði hámark á þær ónýttu heimildir sem stofnanir mega flytja með sér yfir áramót. Taka ætti umræddar reglur upp í reglugerð um framkvæmd fjárlaga.

1 INNGANGUR

Að undanfögnu hefur staða ríkisfjármála breyst til hins verra vegna þrenginga í efnahagslífi landsins. Ljóst er að víða þarf að skera niður í rekstri og beita margvíslegu aðhaldi. Í ljósi þessa ákvað Ríkisendurskoðun að gera sérstakt átak í eftirliti með ýmsum þáttum fjármálastjórnar hjá ráðuneytum og stofnunum.

Hinn 23. febrúar sl. sendi Ríkisendurskoðun öllum ráðuneytum bréf þar sem fram kom að stofnunin hefði ákveðið að kanna og meta eftirlit þeirra með framkvæmd fjárlaga, innra eftirlit, sparnaðaraðgerðir og hvort ráðuneytin hafi metið áhrif samdráttar fjárveitinga á gæði og magn þjónustu. Einnig kom fram að farið yrði yfir skil stofnana á rekstraráætlunum fyrir árið 2009 til ráðuneytanna.

Athugunin beindist einkum að síðastnefnda atriðinu, þ.e. skilum stofnana á rekstraráætlunum og skráningu þeirra í bókhalds- og fjárhagskerfi ríkisins (Orra). Kannað var hvenær stofnanir skiluðu áætlunum, hvenær ráðuneytin samþykktu þær, leitað skýringa ef áætlun var ekki samþykkt o.s.frv. Þessar upplýsingar voru bornar saman við upplýsingar í Orra og athugað hvernig skráningu áætlana í kerfið væri háttað.

Að auki var leitað svara við eftirfarandi spurningum:

- Hafa orðið breytingar á eftirliti með framkvæmd fjárlaga?
- Hvernig mega stofnanir nýta ónýttar fjárheimildir á árinu?
- Verður uppsafnaður halli fluttur milli ára?
- Lagði ráðuneytið mat á tekjuáætlun stofnana?
- Hafa orðið breytingar á eftirliti með samningum og styrkjum?
- Hafa áherslur vegna innkaupa, ferðakostnaðar, risnu o.fl. breyst?
- Hafa verið gerðar einhverjar áætlunir um sparnaðarmöguleika, t.d. til að undirbúa fjárlög 2010?
- Hefur verið lagt mat á áhrif samdráttar fjárveitinga á rekstur einstaka stofnana? T.d. hvort samdrátturinn hafi áhrif á gæði og magn þjónustu?
- Hefur verið lagt mat á hvort álag á einstaka stofnanir mun aukast?
- Hver ákveður hvar er skorið niður í starfsemi einstaka stofnana?
- Hvernig verður fylgst með að stofnanir nái markmiðum sínum, fjárhags- og faglegum?

Til að árétta spurningar 2 og 3 voru ráðuneytin til viðbótar beðin um svör við eftirfarandi spurningum:

- Eru rekstraráætlanir undirstofnana í einhverjum tilvikum samþykktar án þess að í þeim sé tekið tillit til ónýtttra fjárheimilda vegna fyrri ára?
- Hefur ráðuneytið í einhverjum tilvikum gert samkomulag við undirstofnun um að gera upp hluta uppsafnaðs halla á komandi árum?
- Ef svarið við ofangreindum spurningum er jákvætt, á hverju hefur þá ákvörðun ráðuneytisins byggst?
- Er samkomulag samkvæmt ofansögðu til á skriflegu formi?
- Hefur verið leitað samþykkis fjármálaráðuneytisins vegna samkomulagsins?

Þess ber að geta að til viðbótar þessari athugun sem beindist að ráðuneytunum var gerð hliðstæð athugun á 50 völdum stofnunum og verða niðurstöður hennar birtar í sérstakri skýrslu.

2 ÁÆTLANAGERÐ, EFTIRLIT O.FL.

2.1 REKSTRARÁÆTLANIR

Samkvæmt reglugerð um framkvæmd fjárlaga og ábyrgð á fjárreiðum ríkisstofnana í A-hluta (hér eftir nefnd reglugerð um framkvæmd fjárlaga) eiga allar stofnanir að skila ráðuneytum rekstraráætlunum fyrir lok desember ár hvert. Fjármálaráðuneytið hefur útbúið leiðbeiningar um gerð rekstraráætlana. Flestar stofnanir ganga frá áætlunum sínum á formi sem er aðgengilegt hjá Fjársýslu ríkisins (FJS). Þær eru síðan sendar viðkomandi fagráðuneyti til samþykktar og skal afstaða þess liggja fyrir um miðjan janúar. Áætlanir stofnana skulu rúmast innan ramma fjárheimilda og þar skal koma fram hvernig útgjöld dreifast yfir árið.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaga árið 2007 og rekstraráætlanir 2008 kemur fram að bætt verklag valdi því að fleiri stofnanir skili rekstraráætlunum en áður til ráðuneytanna. Þrátt fyrir þetta hafi um 17% stofnana ekki verið búnar að skila áætlun þegar tveir mánuðir voru liðnir af árinu. Þá segir enn fremur í skýrslunni:

„Markmið reglugerðar nr. 1061/2004 um framkvæmd fjárlaga og ábyrgð á fjárreiðum ríkisstofnana í A-hluta er að stuðla að skilvirkum rekstri ráðuneyta og stofnana. Með skilvirkum rekstri er m.a. vísað til þess að hann sé innan fjárheimilda. Mörg undanfarin ár hefur rekstur allmargra stofnana í A-hluta verið umfram fjárheimildir. Ein af ástæðum þess er skortur á fullnægjandi samtímaeftirliti ráðuneyta með rekstri stofnana. Góð rekstraráætlun er forsenda árangursríks rekstrar og skiptir höfuðmáli við samtímaeftirlit ráðuneyta þar sem samanburður áætlunar og raunkostnaðar er helsta tækið.“

Fjárlagaliðir í fjárlögum ársins 2009 eru 463. Samkvæmt upplýsingum frá ráðuneytunum á að skila rekstraráætlunum fyrir 233 af þeim eða rétt um 50%. Þar er fyrst og fremst um að ræða stofnanir og aðalskrifstofur ráðuneytanna. Athugun Ríkisendurskoðunar leiddi í ljós að einungis 10 aðilar af þessum 233 höfðu skilað fyrir lok ársins og ráðuneytin höfðu aðeins samþykkt 14 áætlanir um miðjan janúar. Að hluta til liggja ástæður þessa í því að fjárlög voru ekki samþykkt fyrr en 22. desember. Í byrjun maí höfðu 222 áætlanir verið samþykktar en 11 voru enn ósamþykktar.

Ekki eru í gildi samræmdar reglur um hvernig standa skal að skráningu ársáætlana í Orra. Fjögur ráðuneyti senda FJS áætlanir til innskráningar eftir að hafa samþykkt þær: forsætisráðuneytið, menntamálaráðuneytið, dóms- og kirkjumálaráðuneytið og viðskiptaráðuneytið. Af þessum ráðuneytum hafði aðeins dóms- og kirkjumálaráðuneytið sent allar áætlanir í byrjun maí.

Stofnanir annarra ráðuneyta senda sjálfar FJS áætlanir sínar án afskipta ráðuneytanna. Brögð eru að því að þessar áætlanir skili sér ekki til FJS. Þannig vantaði 39 samþykktar áætlanir af 222 inn í Orra í byrjun maí. Hlutfallslega höfðu tvö ráðuneyti skráð mun færri áætlanir í kerfið en önnur: samgönguráðuneytið (13%) og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið (21%). Sérstaklega er ámælisvert að umrædd ráðuneyti höfðu ekki skráð áætlanir fyrir aðalskrifstofur sínar. Augljóst er að allt samtímaeftirlit utanaðkomandi eftirlitsaðila með rekstri er marklaust ef þeir hafa ekki aðgang að áætlunum.

2.1

Afgreiðsla ráðuneyta á rekstraráætlunum (tölur í %)

	Skilað innan tímamarka	Samþykkt innan tímamarka	Samþykkt fyrir 1. maí	Skráð í Orra fyrir 1. maí
Viðskiptar.	17	83	100	83
Forsætisr.	36	64	100	82
Utánríkisr.	33	33	100	100
Fjármálar.	0	0	100	100
Dómsmálar.	0	0	92	100
Iðnaðarr.	0	0	100	80
Menntamálar.	2	2	92	83
Félagsmálar.	0	0	93	86
Heilbrigðisr.	3	0	94	81
Umhverfisr.	7	0	93	73
Sjávarút.- og landb.r.	5	0	100	21
Samgöngur.	0	0	100	13
Samtals	4	6	95	78

Þá hefur Ríkisendurskoðun komist að raun um að rekstraráætlanir í Orra eru ekki ávallt þær sömu og stofnanir nota sjálfar og ráðuneytin miða við í sínu eftirliti. Þetta er að mati Ríkisendurskoðunar skýr vísbending um að viðkomandi aðilar líti ekki á rekstraráætlanir í Orra sem þau hjálpar- og eftirlitstæki sem þeim er ætlað að vera. Einn tilgangur rekstraráætlana er að gefa tímanlega til kynna ef rekstur stefnir í óefni og því er mikilvægt að þær séu unnar eins vel og nokkur kostur er, þ.m.t. að tekjum og gjöldum sé dreift á raunhæfan hátt innan ársins.

Sum ráðuneytin aðstoða stofnanir nú meira við áætlanagerð en áður en þörf fyrir slíka aðstoð er mismunandi eftir stofnunum. Margar stofnanir eru litlar og forstöðumenn þeirra fyrst og fremst sérfræðingar á sínu fagsviði en þurfa aðstoð við fjármálahlið rekstrarins. Þá virðast sumir forstöðumenn þurfa að tileinka sér betri þekkingu á möguleikum Orra, m.a. til að draga úr hættu á villum og til að þeir geti borið rauntölur saman við áætlun með reglubundnum og gagnrýnum hætti.

Gæði rekstraráætlana hafa verið og eru enn misjöfn. Þær eru ekki alltaf samþykktar við fyrstu yfirferð ráðuneytanna. Telji ráðuneyti áætlun ónothæfa er viðkomandi stofnun beðin um að endurskoða hana. Lögð var meiri áhersla á að vanda áætlanagerð fyrir árið 2009 en undanfarin ár og yfirfóru ráðuneytin áætlanirnar almennt með gagnrýnni hætti en áður.

Sem fyrr greinir ætlast ráðuneytin til þess að rekstraráætlunum sé skilað fyrir um helming fjárlagaliða. Á meðal þeirra fjárlagaliða sem eftir standa eru ýmsir millifærsluliðir og aðrir liðir sem er stýrt beint af ráðuneytunum. Áætlanagerð fyrir umrædda liði er afar misjöfn milli ráðuneyta og ástæða til að samræma hana.

2.2 AÐRIR ÞÆTTIR FJÁRMÁLASTJÓRNAR

Í 9. gr. reglugerðar um framkvæmd fjárlaga er fjallað um miðlun upplýsinga. Þar segir:

„Forstöðumenn skulu, innan þess tíma sem Fjársýsla ríkisins ákveður, standa skil á upplýsingum þannig að bókhaldskerfi ríkisins gefi á hverjum tíma sem réttasta mynd af fjárhagsstöðu stofnana. Fjársýsla ríkisins skal svo fljótt sem við verður komið gera upplýsingar um útgjöld stofnana sem skila ber skv. 1. mgr. aðgengilegar fyrir ráðuneyti þannig að þær nýtist þeim til eftirlits. Ársfjórðungslega tekur fjármálaráðuneytið saman yfirlit um framkvæmd fjárlaga og gerir ríkisstjórn og fjárlaganefnd Alþingis grein fyrir niðurstöðunum.“

Samkvæmt framansögðu er ljóst að það er á ábyrgð forstöðumanns að koma upplýsingum um rekstur stofnunar til FJS. Samkvæmt reglum FJS skal forstöðumaður standa skil á slíkum upplýsingum fyrir 20. næsta mánaðar. Þrátt fyrir þetta eru dæmi um að sértekjur stofnana séu ekki bókfærðar jafnóðum og þær myndast eða skila sér inn á bankareikninga þeirra. Má í þessu sambandi nefna nokkra framhaldsskóla. Eins kom fram í samtölum við starfsmenn heilbrigðisráðuneytisins að færsla bókhalds er oft of hæg til að samtímaeftirlit sé skilvirkt.

Í athugun Ríkisendurskoðunar kom í ljós að hluti ráðuneytanna hefur ekki breytt verklagi sínu við eftirlit með framkvæmd fjárlaga þótt staða ríkisfjármála hafi versnað að undanfögnu. Þetta á við um þau ráðuneyti sem telja að framkvæmd hafi almennt verið í góðu horfi fyrir. Meirihluti ráðuneytanna hefur þó gert vissar breytingar á þessu eftirliti og fleiri virðast vera í farvatninu. Rekstrarstjórar ráðuneytanna hafa að undanfögnu haft með sér samráð um það hvernig ráðuneytin geti brugðist við ástandinu og eflt eftirlitshlutverk sitt.

Almennt hafa ráðuneytin nú minna umburðarlyndi en áður gagnvart frávikum útgjalda frá rekstraráætlunum. Mörg ráðuneytanna leyfa nú ekki að stofnanir séu reknar með halla á tímabili innan ársins. Þá hefur a.m.k. eitt ráðuneyti uppi áform um að grípa fyrir en áður til róttækra úrræða, t.d. að skipa tilsjónarmann með rekstri stofnunar.

Nokkur ráðuneyti gera ráð fyrir að funda mánaðarlega með sínum stofnunum á árinu, bera útkomu rekstrar saman við áætlun og ræða skýringar á hugsanlegum frávikum. Riflega helmingur ráðuneytanna mun kanna hugsanleg frávik frá áætlunum mánaðarlega og leita skýringa án þess að til fundahalda komi. Önnur gera að mestu ráð fyrir óbreyttu vinnulagi, þ.e. að útkoma verði borin saman við áætlanir á þriggja mánaða fresti og þá leitað skýringa á frávikum.

Flest ráðuneytin hafa fundað með forstöðumönnum stofnana og búið þá undir frekari niðurskurð á árinu 2010. Engin bein fyrirmæli hafa þó enn komið um slíkan niðurskurð frá stjórnvöldum. Rekstrarstjórar ráðuneytanna telja brýnt að vinnu við undirbúning fjárlaga 2010 verði hraðað. Reikna má með að ráðuneyti og stofnanir muni þurfa nokkurn tíma til að bregðast við væntanlegum kröfum um niðurskurð, ekki síst ef nauðsynlegt reynist að segja upp starfsfólki. Þá er ljóst að niðurskurður mun reynast mörgum smærri stofnunum erfiður ef gert er ráð fyrir að þær starfi áfram í óbreyttri mynd. Í nokkrum ráðuneytanna hefur verið unnið að því að undirbúa sameiningu stofnana.

Almennt má segja að samningar ráðuneyta við einkaaðila um kaup á þjónustu og eftirlit með framkvæmd þeirra hafi batnað á undanförunum tveimur árum. Svipað gildir um styrki sem ráðuneytin veita til margvíslegra verkefna. Engu að síður eru enn brögð að því að ráðuneyti veiti styrki án þess að gerðir séu samningar þar sem fram kemur hvaða kröfur eru gerðar til samningsaðila, t.d. um skil á gögnum um nýtingu fjárins. Þetta gildir m.a. um styrki sem fjárlaganefnd Alþingis veitir. Mörg ráðuneyti telja að eftirfylgni með styrkjum fjárlaganefndar sé ekki á þeirra verksviði. Fjármálaráðuneytið leggur áherslu á að ráðuneytin tryggji að samningar og styrkir rúmist innan fjárheimilda. Nokkur ráðuneyti líta til reglna heilbrigðisráðuneytisins um framkvæmd eftirlits með samningum en það hefur nýlega hert á þeim. Samningarnir eru nú gerðir í samræmi við tiltekið form þar sem sett er fram lýsing á þeim kröfum sem gerðar eru til viðkomandi þjónustu. Hugmyndin er að utanaðkomandi aðili geti tekið út framkvæmdina og lagt mat á hana.

Sértekjur hafa mismikil áhrif í rekstri stofnana. Af viðtölum við starfsmenn ráðuneytanna má álykta að þau hafi lagt meiri áherslu á að fylgjast með sparnaðarráðstöfunum stofnana en áætlunum um sértekjur. Þannig virðast ráðuneytin almennt ekki hafa skoðað ítarlega hversu raunhæfar þessar tekjuáætlanir eru eða hvort mögulegt væri að auka sértekjur. Engu að síður eru dæmi um að ráðuneyti hafi lagt sig fram um að kryfja til mergjar tekju-

stofna einstakra stofnana og leggja mat á væntanlegar breytingar á þeim. Í nokkrum tilvikum hefur stofnunum verið bent á að þær hafi hugsanlega vanmetið tekjusamdrátt sinn vegna efnahagsástandsins og í öðrum tilvikum hefur stofnunum verið bent á að leita leiða til að auka sértekjur sínar og/eða kanna nýja tekjumöguleika.

2.3 VIÐBRÖGÐ VIÐ SKERTUM FJÁRVEITINGUM

Athugun Ríkisendurskoðunar leiddi í ljós að hjá langflestum ráðuneytanna er það hlutverk forstöðumanna að ákveða forgangsröðun verkefna stofnana þegar fjárveitingar til þeirra dragast saman. Raunar er utanríkisráðuneytið eina ráðuneytið sem tekur sjálfst slíkar ákvarðanir.

Dæmi eru um að ráðuneyti hafni tillögum forstöðumanna um sparnað og krefjist nýrra hugmynda, en í langflestum tilfellum er stofnunum treyst til að forgangsraða sjálfar. Þá kemur fyrir að tilmæli koma frá fagráðuneyti um að forðast beri að skerða þjónustu, segja upp starfsfólki o.s.frv. Er þá bent á aðrar leiðir, t.d. að draga úr yfirvinnu.

Til að undirbúa væntanlega lækkun fjárveitinga á árinu 2010 telur Ríkisendurskoðun að ráðuneyti og stofnanir eigi nú að sameinast um að meta væntanleg áhrif annars vegar 5% og hins vegar 10% nafnverðslækkunar fjárveitinga milli árána 2009 og 2010 á þjónustu stofnana. Þá ættu stofnanir að gera grein fyrir hvernig slíkri lækkun yrði mætt. Með þessu móti ætti fjárveitingarvaldinu að veitast auðveldara að taka ákvarðanir um niðurskurð.

2.4 ÁRANGURSSTJÓRNUN

Meginmarkmiðið með innleiðingu árangursstjórnunar hjá ríkinu var að auka skilvirkni og árangur með skýrri forgangsröðun verkefna og styrkja samskipti ráðuneyta og stofnana. Árangursstjórnunarsamningar eiga að endurspeglar forgangsröðun og sameiginlegar áherslur ráðuneyta og stofnana vegna helstu verkefna þeirra, ásamt því að skilgreina hvernig árangur skuli metinn. Í samningunum er kveðið á um eftirlitsskyldu ráðuneytis, bæði faglega og fjárhagslega. Þar er einnig kveðið á um að stofnanir skuli gera ársáætlanir og langtímaáætlanir sem ráðuneytin eigi að samþykkja innan tiltekins tíma. Í áætlunum eiga að vera markmið og gera á reglulega grein fyrir árangri í ársskýrslum.

Að margra mati hafa árangursstjórnunarsamningar ekki orðið það stjórnþæki sem stjórnvöld ætluðust til og ljóst að þeir nýtast ekki sem skyldi við núverandi aðstæður í ríkisfjármálum. Nú er svo komið að margir samningar eru ýmist runnir út eða við það að renna út og í mörgum ráðuneytum er lítill áhugi á endurnýjun þeirra. Víða er sú skoðun uppi að samningana þurfi að

einfalda og staðla fyrir allar stofnanir, a.m.k. innan hvers ráðuneytis, og tryggja að mælikvarðar endurspegli hlutverk og raunveruleg verkefni þeirra.

Ríkisendurskoðun treystir sér ekki til að leggja mat á hvort eigi að endurnýja samningana eða með hvaða hætti en hefur í hyggju að hefja úttekt á kerfinu er síðar á árinu.

3 YFIRFERÐ UM RÁÐUNEYTTIN

3.1 FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ

Forsætisráðuneytið telur að 11 af 15 fjárlagaliðum þess eigi að skila rekstraráætlun. Aðeins 4 áætlunum var skilað innan tilskilinna tímamarka, þ.e. fyrir 1. janúar, en 7 áætlanir höfðu verið samþykktar fyrir miðjan janúar. Þrátt fyrir þetta voru skil áætlana hjá forsætisráðuneytinu betri en í nokkru öðru ráðuneyti. Allar rekstraráætlanir höfðu verið samþykktar um miðjan febrúar en aðeins voru 9 af 11 áætlunum skráðar inn í Orra.

Ráðuneytið lagði mat á tekjuáætlanir stofnana og gerði athugasemdir við óraunhæfar áætlanir hjá einhverjum þeirra.

Eftirlit ráðuneytisins með framkvæmd fjárlaga hefur eflst nokkuð á árinu 2009 en þó er ástæða til að hvetja til þess að fylgst verði með framkvæmdinni mánaðarlega, en nú er um eftirlit á þriggja mánaða fresti að ræða.

Nokkuð er um að stofnanir ráðuneytisins eigi ónýttar fjárheimildir frá fyrri árum. Áhersla var lögð á að einungis mætti nýta þær á árinu 2009 ef um „einsskiptiskostnað“ væri að ræða, þ.e. ef tryggt væri að verkefni hefði ekki í för með sér varanlega aukningu kostnaðar.

Aðeins einn fjárlagaliður ráðuneytisins var með uppsafnaðan halla í árslok 2008 og var honum gert að vinna á hallanum á yfirstandandi ári.

Ráðuneytið telur að erfitt geti reynst að skera niður hjá litlum stofnunum, en einkum verði litið til launamála, ferðakostnaðar og risnu auk aðkeyprtar sérfræðipjónustu. Er það mat ráðuneytisins að þjónusta muni ekki skerðast á yfirstandandi ári en meiri líkur séu á skertri þjónustu á árinu 2010. Þá telja starfsmenn ráðuneytisins að aukið álag á stofnanir muni einkum skapast ef ekki verður ráðið í stöður sem losna.

3.2 MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Fjárlagaliðir menntamálaráðuneytisins eru 93 og telur ráðuneytið að þar af eigi 52 að skila rekstraráætlun. Aðeins ein áætlun barst innan tilskilins tímafrests og var afgreidd fyrir 15. janúar. Aðrar áætlanir bárust á tímabilinu janúar til apríl, en í byrjun maí höfðu fjórar áætlanir enn ekki verið samþykktar, þ.e. fyrir Menntaskólann á Ísafirði, Fjölbrautaskóla Vesturlands, Fjölbrautaskóla Snæfellinga og Listasafn Íslands. Langflestar áætlanirnar höfðu verið skráðar inn í Orra í byrjun maí eða 43 af 48 samþykktum.

Ráðuneytið lagði sérstakt mat á tekjuáætlanir stofnana en ljóst er að tekjur hjá ýmsum menningarstofnunum munu dragast saman, bæði vegna minni aðsóknar á sýningar en ekki síður vegna lægri styrkja frá einkaaðilum. Stofnunum var gert að taka mið af þessu í tekjuáætlunum sínum.

Verklag við eftirlit með framkvæmd fjárlaga hefur ekki breyst mikið í ráðuneytinu frá fyrra ári en ljóst er að umburðarlyndi gagnvart framúrkeyslu er mun minna en áður. Þannig hafa t.d. verið skipaðir tilsjónarmenn með rekstri Hólaskóla og Fjölbrautaskólans í Breiðholti vegna fjárhagsvandræða skólanna.

26 fjárlagaliðir ráðuneytisins voru með uppsafnaðan halla í árslok 2008. Almennt fluttist sá halli yfir á árið 2009 en ráðuneytið hefur tamið sér það verklag að veita ekki viðbótarfjárveitingar til að vinna á uppsöfnuðum halla nema stofnanir sýni verulega aðhaldssemi í rekstri. Ráðuneytið hefur t.d. samþykkt að 12 stofnanir fái að greiða niður uppsafnaðan halla á lengri tíma en einu ári, yfirleitt á tveimur til þremur árum. Þessar stofnanir þurfa að uppfylla ákveðin skilyrði og mega búast við aukinni kröfu um hagræðingu á árunum 2010–2011.

Nokkur fjöldi stofnana ráðuneytisins áttu ónýttar fjárheimildir í lok síðasta árs og fá að nýta þær að mestu leyti á yfirstandandi ári.

Þá er ástæða til að nefna að eftirlit með samningum og styrkjum hjá ráðuneytinu hefur verið eflt.

Ráðuneytið hefur þegar sett af stað vinnu hópa sem er ætlað að leggja fram tillögur að sparnaðaraðgerðum til að mæta niðurskurði næsta árs. Möguleg áhrif á þjónustu og rekstur hafa ekki verið metin en eru meðal verkefna umræddra hópa. Þá er ljóst að álag á þjónustu framhalds- og háskóla hefur aukist nokkuð, einkum vegna aukins atvinnuleysis.

3.3 UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Utanríkisráðuneytið telur að 3 af 10 fjárlagaliðum þess eigi að skila rekstraráætlunum. Aðeins einni áætlun hafði verið skilað fyrir lok desember og var hún samþykkt af ráðuneytinu innan tímamarka. Öðrum áætlunum var skilað og þær samþykktar fyrir 20. febrúar. Þá voru þær allar skráðar í Orra. Ráðuneytið taldi ekki þörf á að yfirfara tekjuáætlanir stofnana enda skipta sértekkur litlu máli í rekstri þeirra.

Eftirlit með framkvæmd fjárlaga hefur ekki breyst verulega í ráðuneytinu en eftirlit með samningum og styrkjum hefur verið eflt. Þá kom skýrt fram á fundi með rekstrarstjóra ráðuneytisins að ekki kemur til greina að heimild stofnana til að ráðstafa vannýttum heimildum verði takmörkuð.

Sparnaðaraðgerðir hafa birst í ákvörðunum um lokun þriggja sendiráða og mun það án efa auka álag á þau sendiráð sem eftir standa. Þá er hagræðingarnefnd ráðuneytisins ætlað að leggja til frekari hagræðingu.

3.4 SJÁVARÚTVEGS- OG LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

Fjárlagaliðir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins eru 34 og þar af eiga 19 að skila rekstraráætlun að mati ráðuneytisins. Aðeins einni áætlun var skilað innan tilskilinna tímamarka en hún fékkst ekki samþykkt. Samþykkt allra áætlana var þó lokið í janúar. Aðeins 4 áætlanir höfðu verið skráðar í Orra í byrjun maí og má geta þess að rekstraráætlun aðalskrifstofunnar var ekki þeirra á meðal.

Ráðuneytið lagði ekki sérstakt mat á tekjuáætlanir stofnana við afgreiðslu rekstraráætlana. Þó er ljóst að sértekjur skipta miklu í rekstri nokkurra þeirra.

Eftirlit með framkvæmd fjárlaga hefur aukist nokkuð og verða samskipti við forstöðumenn stofnana tíðari, án þess þó að gert sé ráð fyrir að rekstur verði borinn saman við áætlanir mánaðarlega. Eftirlit með samningum og styrkjum hefur sömuleiðis verið aukið og er nú krafist skila á áfanga- og lokaskýrslum vegna verkefna. Þá er ljóst að stofnanir sem áttu ónýttar fjárheimildir í lok síðasta árs fá að nýta þær án takmarkana á þessu ári. Stofnanir sem stóðu með uppsafnaðan halla í árslok 2008 þurfa að greiða hann upp að fullu á árinu 2009.

Fundað hefur verið með forstöðumönnum stofnana og þeir hvattir til að spara í hvívetna, ekki síst þegar kemur að innkaupum, ferðakostnaði og risnu. Möguleg áhrif lægri fjárveitinga á þjónustu og rekstur stofnana hafa ekki verið metin sérstaklega af ráðuneytinu, né heldur hvort vænta megi aukins álags á stofnanir vegna efnahagsástandsins.

3.5 DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Af 61 fjárlagalið eiga 38 að skila rekstraráætlunum að mati ráðuneytisins. Engin áætlun hafði verið afgreidd fyrir 15. janúar en í þeim mánuði var þó öllum áætlunum skilað. Ein þeirra var ekki samþykkt fyrr en í apríl og þrjár höfðu ekki verið samþykktar í byrjun maí, þ.e. fyrir embætti sérstaks saksóknara, Lögreglustjórnann á Suðurnesjum og Landhelgisgæslu Íslands. Um tvær þeirra síðarnefndu gildir að beðið er svara frá fjármálaráðuneytinu vegna verðlagsútreikninga svo hægt sé að ganga frá þeim. Þrátt fyrir þetta eru allar 38 áætlanirnar skráðar í Orra.

Ráðuneytið fór ekki sérstaklega yfir tekjuáætlanir stofnana. Eftirlit með framkvæmd fjárlaga verður með óbreyttu sniði miðað við undanfarin ár og hið sama má segja um eftirlit með samningum og styrkjum.

Ólíkt mörgum öðrum ráðuneytum hefur dóms- og kirkjumálaráðuneytið takmarkað nýtingu ónýtttra fjárheimilda og þannig lagt áherslu á að stofnanir gangi ekki að fullu á þær á árinu 2009, heldur reyni að dreifa nýtingu þeirra á fleiri ár. Hvað varðar uppsafnaðan halla frá fyrri árum gerir ráðuneytið kröfu um að hann verði greiddur upp að fullu á yfirstandandi ári.

Vegna mikillar óvissu um fjárlagagerð næsta árs hefur ráðuneytið ekki lagt mikla vinnu í að leita leiða til sparnaðar, en þó hvatt stofnanir til að minnka ferðalög o.s.frv. Möguleg áhrif lægri fjárveitinga á þjónustu og rekstur stofnana hafa ekki verið metin sérstaklega en ráðuneytið telur þó ljóst að áhrifin verði nokkur. Eins er líklegt að álag á ákveðnar stofnanir muni aukast vegna efnahagsástandsins. Má þar t.d. nefna sýslumannsembættin.

3.6 FÉLAGS- OG TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Fjárlagaliðir félags- og tryggingamálaráðuneytisins eru 39 og þar af eiga 14 að skila rekstraráætlunum að mati ráðuneytisins. Engri áætlun var skilað innan tímamarka en flestar bárust og voru samþykktar í janúar. Í byrjun maí var ein áætlun enn ósamþykkt, fyrir Vinnueftirlit ríkisins. 12 áætlanir höfðu verið skráðar í Orra í lok maí.

Ráðuneytið lagði ekki sérstakt mat á tekjuáætlanir stofnana heldur treysti stofnunum til þess að skila raunhæfum áætlunum. Eftirlit með framkvæmd fjárlaga hefur hins vegar verið hert og hafa nýjar verklagsreglur um eftirlitið verið í vinnslu. Þá hefur fyrirkomulag eftirlits með samningum og styrkjum reynst þungt í vöfum þar sem kröfur um upplýsingagjöf eru of miklar að mati ráðuneytisins. Kerfið er í endurskoðun.

Þeim stofnunum sem voru með uppsafnaðan halla í árslok 2008 hefur verið gert að vinna hann upp á árinu 2009 og svigrúm stofnana til að nýta ónýttar heimildir frá fyrri árum hefur verið takmarkað, t.d. þannig að þær mega nú ekki nýta þær í annað en rekstur.

Eins og hjá öðrum ráðuneytum var tilmælum um aðhald í innkaupum, ferðakostnaði og risnu beint til forstöðumanna. Lítillega hefur verið hugað að undirbúningi sparnaðar á árinu 2010 en möguleg áhrif á þjónustu og rekstur og mögulegt aukið álag vegna efnahagsástandsins hafa ekki verið metin.

3.7 HEILBRIGÐISRÁÐUNEYTIÐ

Fjárlagaliðir heilbrigðisráðuneytisins eru 104 og þar af eiga 36 að skila rekstraráætlunum að mati ráðuneytisins. Aðeins einni áætlun var skilað fyrir lok desember en hinar bárust síðar. Tvær áætlanir voru enn ósamþykktar í byrjun maí þar sem talið var að það þyrfti að endurskoða þær. Þar er um að

ræða Heilsugæslustöðina í Borgarnesi og Heilbrigðisstofnun Suðurlands. 29 af 34 samþykktum áætlunum höfðu verið skráðar í Orra í byrjun maí.

Að mati ráðuneytisins skipta tekjur stofnana þess almennt svo litlu máli að ekki var talin ástæða til að meta tekjuáætlanir sérstaklega.

Eftirlit með framkvæmd fjárlaga er í endurskoðun og stendur til að efla það. Á fundi með starfsmönnum ráðuneytisins kom fram að dæmi eru um að bókhald stofnana sé ekki fært nógu reglulega og því geti reynst erfitt að fylgjast með rekstri innan ársins. Hvað varðar eftirlit með samningum og styrkjum er ljóst að það hefur verið hert verulega og er til fyrirmyndar að mati Ríkisendurskoðunar.

Ráðuneytið hefur ekki svarað fyrirspurn Ríkisendurskoðunar um hvort og þá hvernig stofnanir megi nýta vannýttar fjárheimildir frá fyrri árum. Á fundi með starfsmönnum ráðuneytisins kom hins vegar fram að ef stofnanir sýna fram á bættan rekstur á árinu 2009 er hugsanlegt að uppsafnaður halli þeirra verði felldur niður eða a.m.k. mætt að nokkru leyti.

Tilmælum hefur verið beint til forstöðumanna um að spara við innkaup, ferðakostnað og risnu en að mati ráðuneytisins er óvissa um fjárveitingar næsta árs enn svo mikil að ekki er hægt að gera áætlanir um sparnað. Landlæknir hefur hins vegar unnið að mati á faglegum áhrifum lægri fjárveitinga og þá um leið hvort álag á stofnanir ráðuneytisins muni hugsanlega aukast á næstunni.

3.8 FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Af 42 fjárlagaliðum fjármálaráðuneytisins eiga 19 að skila rekstraráætlun að mati ráðuneytisins. Engin áætlun barst fyrir lok ársins en í febrúar höfðu allar áætlanir utan ein verið samþykktar. Sú áætlun var samþykkt í Orra. Allar áætlanirnar eru skráðar í Orra.

Tekjuáætlanir stofnana ráðuneytisins voru ekki skoðaðar sérstaklega og eftirlit með framkvæmd fjárlaga er óbreytt frá því sem verið hefur undanfarin ár. Sama má segja um eftirlit með samningum og styrkjum.

Á fundi með starfsmönnum ráðuneytisins kom fram að nýting ónýtttra fjárheimilda verður ekki takmörkuð. Þá ætlast ráðuneytið til að stofnanir með uppsafnaðan halla greiði hann að fullu á yfirstandandi ári.

Eins og í flestum öðrum ráðuneytum ríkir svo mikil óvissa um fjárveitingar næsta árs að undirbúningur sparnaðaraðgerða er enn í skötulíki. Ráðuneytið hefur ekki metið sérstaklega hvaða áhrif lægri fjárveitingar hefðu á þjónustu

og rekstur en telur þó ljóst að álag á ákveðnar stofnanir myndi aukast verulega. Má þar nefna skattstofur.

3.9 SAMGÖNGURÁÐUNEYTIÐ

Fjárlagaliðir samgönguráðuneytisins eru 18 og telur ráðuneytið að þar af eigi 15 að skila rekstraráætlun. Engin áætlun hafði borist fyrir árslok 2008. Í byrjun maí 2009 höfðu allar áætlanir verið samþykktar en aðeins tvær skráðar í Orra.

Ráðuneytið lagði ekki sérstakt mat á tekjuáætlanir stofnana en eftirlit með framkvæmd fjárlaga hefur verið hert og er rekstur nú borinn saman við áætlanir mánaðarlega í stað ársfjórðungslega áður. Til stendur að efla enn frekar eftirlit með samningum og styrkjum og hefur ráðuneytið leitað fyrirmyndar hjá heilbrigðisráðuneytinu um það.

Stofnanir sem eiga ónýttar fjárheimildir mega eingöngu nýta þær til að greiða rekstrarkostnað en ráðuneytið hefur ekki veitt fullnægjandi svör við fyrirspurn Ríkisendurskoðunar um hvernig farið verði með uppsafnaðan halla stofnana.

Líkt og víðast hvar annars staðar beindi ráðuneytið því til forstöðumanna að spara við innkaup, ferðakostnað og risnu en jafnframt skoðar ráðuneytið að sameina stofnanir til að hagræða í rekstri. Ráðuneytið telur að stofnanir þess ráði almennt við 5% lækkun fjárveitinga án þess að þjónusta skerðist en áhrifin hafa þó ekki verið könnuð sérstaklega.

3.10 IÐNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

Iðnaðarráðuneytið telur að 5 af 17 fjárlagaliðum þess eigi að skila rekstraráætlun. Engin áætlun hafði borist um áramót en þær voru allar afgreiddar í janúar og febrúar. Ein áætlun hefur ekki verið skráð í Orra.

Að mati ráðuneytisins skipta sértekjur stofnana almennt litlu máli og því var ekki lagt sérstakt mat á tekjuáætlanir þeirra.

Verklag við eftirlit með framkvæmd fjárlaga er nær óbreytt frá því sem verið hefur undanfarin ár, enda hafa stofnanir ráðuneytisins almennt starfað innan fjárheimilda. Svigrúm stofnana til að nýta ónýttar fjárheimildir frá fyrri árum hefur ekki verið takmarkað. Þá hefur eftirlit með samningum og styrkjum verið eft.

Ekki hefur verið farið í að undirbúa sparnað vegna ársins 2010 vegna mikillar óvissu um fjárveitingar. Möguleg áhrif lægri fjárveitinga og aukins álags á þjónustu og rekstur hafa ekki verið metin.

3.11 VIÐSKIPTARÁÐUNEYTIÐ

Fjárlagaliðir viðskiptaráðuneytisins eru 9 og þar af telur ráðuneytið að 6 eigi að skila rekstraráætlun. Fjármálaeftirlitið er einn þessara liða en skilar áætlun á sumrin samkvæmt lögum. Af hinum fimm skilaði einn í desember en allar höfðu áætlunirnar verið afgreiddar fyrir miðjan janúar eins og kveðið er á um í reglugerð. Allar eru þær skráðar í Orra.

Ráðuneytið lagði ekki mat á tekjuáætlunir stofnana en hefur ákveðið að herða eftirlit með framkvæmd fjárlaga. Fundað verður með stofnunum á sex vikna fresti í stað ársfjórðungslega áður. Þá taka áætlunir mið af uppsöfnuðum halla og er stofnunum ætlað að vinna á honum að fullu á árinu.

Ráðuneytið hefur krafist lækkunar á ferðakostnaði hjá stofnunum og beint þeim tilmælum til stofnana að ráða ekki í lausar stöður nema brýna nauðsyn beri til. Möguleg áhrif lægri fjárveitinga og aukins álags á þjónustu og rekstur og hafa ekki verið metin sérstaklega.

3.12 UMHVERFISRÁÐUNEYTIÐ

Það er mat umhverfisráðuneytisins að 15 af 21 fjárlagalið þess eigi að skila rekstraráætlun. Aðeins ein áætlun hafði borist innan tilskilinna tímamarka en í byrjun maí höfðu 14 áætlunir verið samþykktar. Ein áætlun var á þeim tíma enn til athugunar hjá ráðuneytinu, þ.e. fyrir Náttúrufræðistofnun Íslands.

Ólíkt flestum öðrum ráðuneytum hvatti umhverfisráðuneytið stofnanir sínar til að gera mjög varlegar tekjuáætlunir fyrir árið 2009. Að auki hefur ráðuneytið ákveðið að samanburður áætlana og rekstrar verði tíðari en verið hefur, þ.e. mánaðarlegur í stað ársfjórðungslegs áður. Þá hefur verið ákveðið að herða eftirlit með samningum og styrkjum og líta einkum til heilbrigðisráðuneytisins sem fyrirmyndar í því efni.

Ráðuneytið hefur þegar gert stofnunum sínum að vinna að fullu á mögulegum uppsöfnuðum halla á yfirstandandi ári. Nýting ónýtttra heimilda hefur hins vegar ekki verið takmörkuð.

Umhverfisráðuneytið hefur, líkt og ýmis önnur ráðuneyti, mælt til þess að stofnanir spari í innkaupum, ferðakostnaði og risnu. Undirbúningur fyrir niðurskurð næsta árs hefur enn sem komið er einkum falist í því að leggja fyrir stofnanir að ráða ekki í lausar stöður ef hjá því verður komist.

Ekkert formlegt mat hefur verið lagt á möguleg áhrif lægri fjárveitinga á þjónustu og rekstur né hvort álag kunni að aukast vegna efnahagsástandsins.

VIÐAUKI

V.1 Stofnanir með uppsafnaðan halla umfram 4% í árslok 2008

	Uppsafnaður halli í m.kr.	Hlutfall af fjárheimild
Landbúnaðarháskóli Íslands	-264,7	-54,4%
Heilsugæslustöðin Ólafsfirði	-13,7	-22,5%
Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	-14,5	-18,5%
Námsmatsstofnun	-31,1	-18,2%
Heilsugæslustöðin Borgarnesi	-25,8	-18,2%
Hólaskóli - Háskólinn á Hólum	-69,3	-17,1%
Lögreglustjórinn á Suðurnesjum	-186,1	-15,1%
Blindrabókasafn Íslands	-11,7	-13,1%
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	-112,3	-12,7%
Raunvísindastofnun Háskólans	-43,2	-11,6%
Fjölbrautaskóli Vesturlands	-49,2	-10,7%
Menntaskólinn á Ísafirði	-24,5	-10,0%
Fjölbrautaskóli Snæfellinga	-18,3	-9,5%
Heilbrigðisstofnunin Bolungarvík	-14,7	-8,9%
Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu	-419,8	-8,2%
Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga	-23,1	-8,0%
Útlendingastofnun	-18,2	-7,4%
Sinfóníuhljómsveit Íslands	-37,1	-7,2%
Rannsóknanefnd flugslysa	-3,1	-7,2%
Skipulagsstofnun	-12,0	-6,8%
St. Jósefsspítali, Sólvangur	-99,6	-6,8%
Háskólinn á Akureyri	-101,7	-6,6%
Náttúrufræðistofnun Íslands	-21,0	-6,6%
Rannsóknamiðstöð Íslands	-11,4	-6,5%
Skattstofa Suðurlands	-5,0	-6,2%
Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum	-16,8	-6,2%
Flensborgarskóli	-30,7	-6,1%
Landhelgisgæsla Íslands	-154,8	-5,9%
Þjóðskrá	-11,9	-5,9%
Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu	-162,6	-5,1%
Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	-79,3	-4,7%
Landspítali	-1.635,8	-4,5%
Ríkissaksóknari	-5,1	-4,1%